

Nd.

14. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyting á lögum nr. 128 29. des. 1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

12. og 13. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Af hinum mörgu ágöllum dýrtíðarlaganna frá 29. des. 1947 er sá stærstur og ósamngjarnastur, sem svipti verkalýðinn í landinu fullri dýrtíðaruppbót á laun sín og tók um leið kaupgjaldið úr tengslum við verðlagið. Þessi árás á launþegana var varin með því, að hér væri einungis um augnabliksfórn að ræða hjá verkalýðnum, því að með ráðstöfunum þeim, sem nefnd lög heimila, mundi dýrtíðin fljótt lækka niður úr 300 stigum. Svo sem kunnugt er, hefur þessi röksemd eigi staðizt, því að reyndin hefur orðið sú, að dýrtíðin hefur stórum vaxið og dýrtíðarvísitalan hækkað, og á sama tíma hafa laun staðið óbreytt og þar með skapazt ástand, sem er með öllu óbærilegt fyrir verkalýðinn.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eru afnumdar þær greinar dýrtíðarlaganna, sem binda kaupgjaldsvísitöluna við 300 stig sem hámark, og þar með komið aftur til framkvæmda það atriði í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um land allt, er ákveður, að verkafólk fái greidda fulla dýrtíðaruppbót á laun sín samkvæmt dýrtíðarvísitölu kauplagsnefndar.